

LAXÁ Í HVAMMSSVEIT.
FISKIRANNSÓKNIR 1987.

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, apríl 1988

VMST-V/88011X



VEIÐIMÁLASTOFNUN - VESTURLANDSDEILD
Kveldúlfsgötu 2A, 310 Borgarnesi.

LAXA I HVAMMSSVEIT
FISKIRANNSOKNIR 1987.

1. INNGANGUR

Að beiðni veiðifélaðs Laxáar í Hvamssveit fóru fram rannsóknir á fiskstofni árinnar þann 14. júni 1987. Helstu markmið þessara athugana var að athuga skilyrði til hrygningar og uppeldis fyrir laxaseiði og athuga hvernig seiðaframleiðslunni í einstökum árhlutum væri háttar. Í þessari skýrslu verður greint frá helstu niðurstöðum þessara rannsokna og auk leitast við að veita ráðgið um hugsanlegar fiskræktaraðgerðir í kjölfar rannsóknanna. Aður hafa skilyrði fyrir lax í ánni verið athuguð af Tuma Tómassvni (1978).

2. STADHETTIR

Laxá í Hvamssveit fellur til sjávar í "tána" á Hvammsfirði, skammt fyrir vestan Glerá (Mynd 1). Áin er hrein dragá og er vatnasvið árinnar 97 km². Um 2.5 km frá ós skiptist án í Sælingsdalsá sem rennur um Sælingsdal og Svinadalsá. Af öðrum ám lækium sem renna í ána er heilst að nefna Svinadalsá sem, rennur í Svinadalsá (Mynd 1). Sælingsdalsá er stærsta áin og er lengd hennar um 13 km. Laxá í Hvamssveit er fremur vatnslitil á. Rennslið hefur bō ekki verið mælt, en í þurrkum verður hún afar litil er líða tekur á sumarið, eins og margar aðrar ár á þessu svæði.

Sælingsdalsá var fiskgeng að Gullfossi, en árið 1967 var fiskvegur sprengdur um fossinn. Svinadalsá er fiskgeng að fossi sem er skammt fyrir neðan veginn upp að Lauğum.

Laxveiði er frémur litil í ánni. Lakinn mun gagna frémur seint í hana og árin 1982 - 1986 veiddust bannig að meðaltali 45 laxar í ánni (Guðni Guðberasson og Einar Hannesson 1987).

A Lauğum í Sælingsdal er nokkur jarðhiti til staðar og er einn af fáum stöðum í Dalasýslu þar umtalsvert mægn af heitu vatni finnst. Þar fást nú um 13 l/s af 63 °C heitu vatni og náðist sá árangur með borunum á árunum 1964 og 1965.

3. ADFERDIR.

Botngerð og straumlag i ánnum var kannað eftir föndum, en þessir tveir þættir skipta mjög miklu mál er litioð er á uppeldisskilyrði fyrir lax. Mesta magnið af seiðum finnst þannig á smágrýttum og grýttum brotum í ánnum, en þar er framleiðsla fæðudýra meiri en á fingerðari botni og seiðin fá þar nauðsynlegt skjól og fylgsni.

Þá var veitt með rafmagnsveiðitæki á 7 stöðum í ánnum. Staðsetning rafveiðistaða er sýnd á mynd 1. Farin var ein veiðiyfirferð á hverjum stað á ákveðnu flatarmáli og fiskseiði greind til tegunda, lengdarmáld og svni tekin af kvörnum og hreistri til aldursákvarðana af hluta aflans. Skilyrði til rafveiðanna voru fremur erfið, án var vatnsmikil og síðari hluta dagsins rigndi mikil og án litaðist. Því má gera ráð fyrir að veiðni tækis hafi verið í minna lagi.

Þá var ós árinnar skoðaður og nokkrir mávar skothnir og magainnihald þeirra greint.

4. HELSTU NIDURSTODUR

4.1. UPPELDISSKILYRDI

Botngerð Laxár í Hvammssveit frá ós að þjóðvegi er fremur óhagstæð hvað uppeldisskilyrðin varðar. Botninn er mjög finn (möl) og vantar stærra grjót i ána til að uppeldisskilyrði fyrir stærri seiði séu fyrir hendi. Hrvaningsarskilyrðin eru hins vegar allsæmileg þótt fáir hyljur séu á þessu svæði. Undanfarin ár hefur mikil efnistaka farið fram á þessu svæði og farveginum verið umbylt. Eins og gefur að skilia hefur slik efnistaka afar slæm áhrif á skilyrði fyrir fiskseiði og þyrfti áður en byrjað er á slikum framkvæmdum að athuga ástand seiða fyrir og eftir slikear aðgerðir til að kanna tjón.

Fra brú að Gullfossi batna skilyrðin nokkuð. Farvegurinn er ekki eins mikil á hreyfingu og botninn ar grvittur a köflum.

Uppeldiskilyrðin eru allsæmileg og hrygningarskilyrðin eru einnig til staðar.

Fyrir ofan Gullfoss að Laugum er áin að stærstun hluta í gili. A þessum kafla er áin mjög falleg, margir líklegir veiðistaðir, mjög góð hrygningarskilyrði og botninn er gryttur á köflum.

Frá Laugum og fram dalinn rennur áin á eyrum sem eru mikið á hreyfingu. Botninn er malarkenndur og nokkuð smágryti sérstaklega framarlega í dainum. Uppeldisskilyrðin eru bvi ekki eins og best verður á kosið, en hrygningarskilyrðin ágæt.

I Svinadalsá er botninn góður til uppeldis seiða. Áin er öll smágrytt til smágrytt og straumur hæfilegur. Svæðið fyrir ofan foss var einnig litillæga skoðað og reyndist botninn þar einnig vera mjög hentugur til uppeldis seiða.

4.2. SEIÐARANNSÓKNIR

Niðurstöður seiðarannsókna koma fram í töflum 1-2 og á mynd 2. Seiðapéttleikinn reyndist viðast hvar afar litill. Endin seiði veiddust til að mynda á eyrunum rétt ofan við ósinn (stöð 1) og ekki er hægt að gera ráð fyrir að mórg seidí hafi lifað af raskið í ánni á kaflanum fyrir neðan brú. Á bessu svæði fannst mikið af vorgómlum seiðum árið 1978 og fiskur virðist bvi hafa hrygnt tölувert á þessu svæði á bvi tímabili. Reytingur af seiðum fékkst á kaflanum frá brú upp að Gullfossi, sérstaklega voru eldri seiði 2-3 ára áberandi. Litið varð vart við eins árs seiði og klak fannst ekki enda veitt snemma sumars og seiðin bvi ekki enn komin upp úr mölinni. Fyrir ofan Gullfoss fannst einungis eitt seiði og gaf hreistursmynstur til kynna að þar væri um sleppiseidí að ræða frá 1985. Engin ummerki náttúrulegrar framleiðslusáust. Þar sem veitt var ofarlega í ánni fundust engin seiði. Ætlunin var að veiða á fleiri stöðum en þar sem án óx mikið varð að láta það biða betri tima.

I Svinadalsá fannst hvað mest af seiðum, sérstaklega var mikid um árganginn frá 1984 (3+). Einnig varð vart við eins árs seiði, en tveggja ára seiði fundust ekki. Einnig var veitt fyrir ofan fossinn, en bar fundust engin seiði. Einnig fannst vottur af bleikju í ánni en einungis örfa seiði. Ekkert varð vart við urriða en af honum fannst reytingur árið 1978 er svipuð athugun var gerð.

Vöxtur seiðanna var svipaður og í öðrum ám í nágrenninu og bendir til að áin framleiði sjógönguseiði á um 4 árum. Svipaðar niðurstöður fengust er áin var athuguð 1978.

4.3. OSASVÆDID.

Ös árinnar var litillega skoðaður. Miklar grynnningar eru fyrir utan eins og viðast fyrir botni Hvammsfjarðar og er það óheppilegt fyrir seiði er þau ganga til síavar vegna afráns af fugli. Einnig gengur lax ekki eins greiðlega upp í ána við slikar aðstæður. Um 100 svartbakar og grámávar voru við ósinn en á þessum tíma eru gönguseiðin að fara til síavar. Nokkrir fuglar voru skotnir, en engin fæða revndist í mada þeirra. Liklegt er að töluvert magn gönguseiða tapist á útgöngu þeirra við slikar aðstæður.

5. UMRÆDUR

Niðurstöður seiðarannsóknanna sýndu að mun minna seiðamagn var í ánni vorið 1987 miðað við þá athugun sem gerð var árið 1978. Árið 1978 voru allir árgangar til staðar á fiskgenga hlutanum og mun meira seiðamagn fannst af hverjum aldurshóp (Tumi Tómasson 1978) heldur en í bessari könnun. Astæður geta verið margþættar. Ma má þar nefna efnistökuna í ánni fyrir neðan þjóðveginn en ætla má flest seiði hafi misfarist á því svæði og tekur það nokkurn tíma að færast aftur í samt horf. Einnig gæti hrygning hafa verið minni síðustu árin en á því timabili sem fyrri athugunin var gerð. Umhverfiskilyrði hafa verið hagstæð síðustu árin þótt þurrkar hafi verið miklir.

Athyglisvert er að fyrir ofan Gullfoss fundust engin ummerki náttúrulegrar hrygningarár. Astæður geta verið margar. I

fyrsta lagi er sprengingin á fiskveginum ekki fullnægjandi og er liklegt að fiskurinn gangi ekki fiskveginn nema í litlu vatni. Vitað er þó að eitthvað af fiski hefur gengið upp á efri hlutann þó ekki finnist ummerki náttúrulegar hrygningar. Einnig gæti klórmengun átt þarna hlut að mili. Klórmenguðu mun reglulega vera hleypt út í ána frá sundlauginni á Laugum. Klórmengað vatn hefur mjög síðem áhrif á fiska og frá þeim upplýsingum sem liggja fyrir má gera ráð fyrir að ef styrkur klórs í vatni fari yfir 8 g HOCl/l sé klórmagnið hættulegt eða banvænt fiski. Þyrfti að gera mælingar á styrkleika klórs í Sælingsdalsá fyrir neðan þann stað þar sem klórinn fer út í ána og þarf að taka sýni með vissu millibili til að sjá hvað áhrif klórsins ná langt niður ána. Einnig þyrfti að athuga hve langan tíma áhrifin vara. Mjög liklegt er að þetta geti haft áhrif á fisk fyrir neðan þann stað þar sem vatnið fer út í ána.


6. FISKRÆKTARADGERDIR

Hér er lagt til að ósinn verði lagður. Áin féll í tveimur rásum við ósinn og er til bóta að taka bær saman í eina rasi. Þá er einnig möguleiki að ýta upp rás í leirurnar á fiðru. Þá er lagt til að reynt verði að skjóta og fæla máva frá ósasvæðinu a.m.k. fyrri hluta sumarsins þegar likur eru á að gönguseiðin séu að ganga til snávar.

Þá er ráðlegt að nýta þau ársvæði sem nú eru ekki nýtt af laxi, þ.e. svæðið fyrir ofan Gullfoss og fyrir ofan foss i Svinadalsá. Best er að gera þetta með sleppingum sumaralinnar seiða og er ráðlagt að reyna fá stofninn í ánni til bessara sleppinga. Ef það er ekki unnt er skásti ksoturinn að fá seiði úr nálægri á. Aætlað er sleppa mætti um 8000 seiðum í Sælingsdalsá og er þá miðað við 40000 m² svæði og ásetninga sem svarar til 20 seiða á hverja 100 m². Ekki er ráðleat að sleppa á svæðið þar sem klór fer út í ána nema tryggt sé að hann valdi ekki tjóni á seiðunum. Í Svinadalsá var skoðað svæði sem gæti tekið um 5000 seiði frá fossi og 2 km framdalinn.






MYND 1:

VATNAKERFI LAXAR I HVAMMSSVEIT. STADSETNING RAFVEIDISTADA ER
SYND MED NUMERUM.



MYND 2:

LENGDARDREIFING OG ALDUR LAXASEIDA I VATNAKERFI LAXAR 1
HVAMMSSVEIT 14. JUNI 1988.



TAFLA 1
þETTLEIKI LAXASEIDA I VATNAKERFI LAXAR
I HVAMMSSVEIT 14.06.87. (ÞETTLEIKI I EINN)
RAFVEIDIFYFIRFERD A 100 M².

<u>STADUR</u>	<u>0+</u>	<u>1+</u>	<u>2+</u>	<u>3+</u>	<u>ALLS</u>
1	0	0	0	0	0
100 M F.O. OS					
2					
F.O. BRÚ	0	0.8	0.4	3.9	5.1
3					
F.O. ARMOT	0	0	3.9	1.4	5.3
4					
F.O. GULLFOSS	0	0	0.3	0	0.3
5					
F.N. SUMARBÚS.	0	0	0	0	0
6					
SVINADALSA F.O					
ARMOT	0	1.3	0	6.3	7.6
7					
SVINADALSA					
F.O. FOSS	0	0	0	0	0

TAFLA 2
VOXTUR LAXASEIDA A VEIDISTODUM I LAXA
I HVAMMSSVEIT 14. JUNI 1987.

<u>STADUR</u>	<u>1+</u>			<u>2+</u>			<u>3+</u>		
	<u>ML</u>	<u>SD</u>	<u>N</u>	<u>ML</u>	<u>SD</u>	<u>N</u>	<u>ML</u>	<u>SD</u>	<u>N</u>
2	3.4	-	2	6.1	-	1	8.3	0.76	10
3	-	-	-	6.1	0.49	14	8.7	0.50	5
4	-	-	-	10.1*	-	1	-	-	-
6	3.5	-	3	-	-	-	7.8	0.98	15